



Ályktun um stoðkerfi landshlutasamtakanna

Ályktun lögð fram á 47. aðalfundi Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Aðalfundur Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, haldinn 14. október 2023 hvetur ríkisvaldið til að tryggja fjármagn til verkefna sem ríkisvaldið hefur falið landshlutasamtökunum.

Ferðamálastofa gaf út skýrslu um erlenda ferðamenn á Íslandi þar sem fram kemur að um 15% fjölgun hafi verið á gestum á Reykjanesi árið 2021 miðað við árið 2019. Áætlað er að þrír af hverjum fjórum gestum landsins hafi komið á Reykjanesið. Á sama tíma hefur gistinóttum fækkað en meðaldvalarlengd gesta er undir einni nótt (0.7).

Markaðsstarf undanfarinna ára, uppbygging á ferðamannastöðum og aðrir innviðir í ferðaþjónustu auk eldgosins í Fagradalsfjalli útskýrir að mestu þessa aukningu ferðamanna og breytta ferðahegðun um áfangastaðinn Reykjanes. Mun fleiri gestir fara um svæðið daglega og heimsækja bæði þekktu og þróaða áningarstaði en einnig viðkvæm svæði sem eru ekki tilbúin að taka á móti ferðamönnum miðað við núverandi álag. Þessi athygli og umferð hefur leitt til viðsnúnings í ferðaþjónustu á svæðinu eftir Covid en á sama tíma hefur þetta leitt til mikils álags á ferðamannastaði sem margir hverjir hafa látið á sjá.

Ljóst er að með áframhaldandi eldvirkni á Reykjanesi og aukins áhuga á Íslandi mun gestum halda áfram að fjölga. Það er því mikilvægt að þróa áfangastaðinn með frekari uppbyggingu og viðhaldi á þeim stöðum sem hafa látið á sjá sem og dreifingu á álagi með uppbyggingu á nýjum áningarstöðum. Með þessu móti er áfram hægt að taka vel á móti gestum og veita þeim jákvæða upplifun á ferð sinni um svæðið.

Sveitarstjórnarfolk á Suðurnesjum hvetur því ríkisvaldið til að taka þátt í þeim verkefnum sem Reykjanes Geopark, sveitarfélög á svæðinu og landeigendur á Suðurnesjum þurfa að takast á við næstu árin. Mikilvægt er að tryggja fjármagn í gestastofur á Reykjaneskaganum eins og gert var t.d. fyrir svæðisgarðinn á Snæfellsnesi á fjárlögum 2021.

Landshlutasamtökin sinna atvinnuráðgjöf og byggðapróun á landsbyggðinni skv. samningi við Byggðastofnun. Fjárframlög til samtakanna vegna samningsins hafa ekki fylgt verðlags- og launaþróun undanfarinna ára sem hefur haft í för með sér að landshlutasamtökin hafa þurft að skerða þjónustu sína í nærumhverfinu. Á sama tíma hefur ásókn eftir stuðningi og ráðgjöf við nýsköpun aukist. Eftirspurnin jókst t.a.m. eftir að NMÍ var lögð niður og með fjölgun sjóða sem í boði eru, svo sem Lóu og Matvælasjóði.

Þörfin fyrir atvinnuráðgjöf er til staðar rétt eins og árið 2011 en framlögin hafa lækkað um 44% frá þeim tíma sé tekið tillit til launavísitölu og halda því ekki í við þörfina. Auk þess sem verkefnum sem snúa að byggðapróun hefur fjölgað og þeim hafa fylgt nýjar áskoranir.

Í gildandi byggðaáætlun eru landshlutasamtökin tilgreind sem framkvæmdaraðili eða samstarfsaðili í um 20 aðgerðum af 54. Til viðbótar við þau sem sérstaklega eru tilgreind hefur aðkoma landshlutasamtaka þróaast í fjölmörgum öðrum. Eigi atvinnuráðgjöf og byggðapróun að standa undir nafni er mikilvægt að hækka framlagið til Byggðastofnunar en ekki skera þau niður eins og gert er ráð fyrir í fjárlögum 2024 til að tryggja framgang byggðaáætlunar. Jafnframt er bent á mikilvægi þess að hækka framlög til Sóknaráætlunar landshluta.